

**NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS  
SKÝRSLA 6**

**HALLDÓR G. PÉTURSSON**

**EFNISTÖKUSVÆÐI Í EYJAFIRÐI**

**UNNIÐ FYRIR SKIPULAG RÍKISINS**

**AKUREYRI 1990**

## **EFNISYFIRLIT**

1.0.	<b>INNGANGUR</b>	1.
2.0.	<b>NÁMUSKRÁ</b>	1.
2.1.	<b>UPSASTRÖND, DALVÍK OG SVARFAÐARDALUR</b>	2.
2.2.	<b>ÁRSKÓGSHREPPUR</b>	2.
2.3.	<b>ARNARNESHREPPUR</b>	3.
2.4.	<b>GLÆSIBÆJARHREPPUR</b>	3.
2.5.	<b>AKUREYRI</b>	4.
2.6.	<b>HRAFNAGILSHREPPUR</b>	4.
2.7.	<b>SAURBÆJARHREPPUR</b>	4.
2.8.	<b>ÖNGULSTAÐAHREPPUR</b>	5.
2.9.	<b>SVALBARÐSHREPPUR, GRÝTUBAKKAHREPPUR OG GRENVÍK</b>	5.
2.10.	<b>ÞJÓÐVEGUR 1 UM ÖXNALDAL</b>	6.
	<b>MYNDIR</b>	7.

## 1.0. INNGANGUR

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Skipulags Ríkisins á Akureyri og er hluti af þeirri gagnasöfnun sem fer fram vegna svæðisskipulags Eyjafjarðar.

Þær upplýsingar sem hér koma fram er safnað saman frá Vegagerð Ríkisins á Akureyri, Möl og Sandi, hinum ýmsu sveitar- og bæjarfélögum á svæðinu og Rannsóknastofnun Byggingariðnaðarins í Reykjavík. Sjálfur hef ég skoðað margar af námunum vegna starfs míns sem jarðfræðingur á Náttúrufræðistofnun Norðurlands á Akureyri.

Efnistökusvæðum í Eyjafirði má skifta í two hópa:

Annars vegar eru tímabundin efnistökusvæði. Þessar námur eru flestar vegna vegagerðar og ber Vegagerð Ríkisins ábyrgð á þeim. Í dag er yfirleitt gengið frá þessum efnistökusvæðum, stax eða fljótlega eftir að framkvæmdum er lokið. Í nokkrum tilvikum er þó efnisnámi halddið áfram af landeigendum eða þeir selja framkvæmdaaðilum aðgang að námunum. Fæstar þessara náma eiga erindi á skipulagskort vegna þess hve stutt þær eru opnar eða hve litlar þær eru. Þessar námur eru merktar með grænum lit á meðfylgjandi myndum.

Vert er að vekja athygli á að Vegagerðin tekur oft efni úr árfarvegum og áreyrum víðsvega á svæðinu. Oftast er þetta efnisnám vegna vegalagningar eða efni er hreinsað úr farvegum til að koma í veg fyrir farvegsbreytingar. Þessi svæði eru ekki merkt á myndirnar. Dæmi um nýleg efnistökusvæði af þessu tagi eru eyrar Eyjafjarðarár í Hrafnagils- og Saurbæjarhreppi, Hörgáreyrar við Bægisá og Svarfaðardalsá við Urðir.

Hins vegar eru föst efnistökusvæði. Efnisnám í þeim er yfirleitt unnið af sveitar- og bæjarfélögum, eða steypustöðvum. Einnig þekkist að eigendur stjórnin efnisnámi og selji beint til framkvæmdaaðila. Nýtingartími þessara náma er oftast einn eða fleiri áratugur. Þessar námur eru merktar með rauðum lit á meðfylgjandi myndum.

## 2.0. NÁMUSKRÁ

Námunum er raðað upp efir hreppum og byrjað vestan fjarðar sunnan Ólafsfjarðarmúla, og halddið til suðurs inn Eyjafjörð. Endað er nyrst, austan fjarðar við Grenivík (myndir A,B, og C).

Aftast eru námur sem liggja meðfram Þjóðvegi 1 í Öxnadal (mynd D). Á næstu árum er fyrirhugað að endurbyggja Þjóðveg 1 um Öxnadal og Öxnadalsheiði. Þá mun verða mikið um tímabundið efnisnám þar.

### 2.1. UPSASTRÖND, DALVÍK OG SVARFAÐARDALUR (mynd A).

1, 2: Tímabundnar námur Kraftaks vegna vegagerðar til suðurs frá Múlagöngum. Þessar námur eru við Torfdal og Torfdalsá og þarna verður unnið burðarefni. Vegagerðin mun byggja upp veginn nær Dalvík og opnar þá fleiri námur. Staðsetning þeirra hefur ekki verið ákveðin.

3: Böggvisstaðasandur. Þar vinnur Dalvíkurbær pússingasand. Efni þaðan hefur oft verið flutt um langan veg til annarra sveitarfélaga.

4: Melshorn við Svarfaðardalsá. Dalvíkurbær vinnur þar steypumöl.

5: Efnisnám Dalvíkurbæjar í landi Hrísa, meðfram Hálsá. Þar er unnið fylliefni og steypumöl. Mikið efni er eftir á þessum stað.

6: Skáldalækur. Landeigandi hefur af og til selt efni úr lítilli námu í landareigninni.

7: Sakka. Landeigandi hefur af og til selt efni úr námu í landareigninni. Nokkuð af efni er eftir, en óvist um framtíðarefnisnám.

8: Dælishólar. Vegagerðin malar þar bindiefni á malarvegi í Svarfaðardal. Efnisnámi mun verða lokið innan fárra ára.

9: Hámundarstaðaháls. Þar var unnið byggingarefni til vegagerðar af Vegagerðinni. Talsvert er eftir af efni, en óvisst um framtíð námunnar. Endanlegum frágangi er ekki alveg lokið.

Vegna hafnarfræmkvæmda mun Vita og hafnarmálastofnun opna grjótnám við Dalvík. Staðsetning verður ekki ákveðin fyrr en í sumar

### 2.2. ÁRSKÓGSHREPPUR (mynd A).

10: Helluhöfði. Þar var grjótnám vegna hafnarfræmkvæmda í Árskógshreppi. Eitthvað efni mun þar verða unnið í framtíðinni.

11: Efnisnám Árskógshrepps meðfram Þorvaldsdalsá. Þar er unnið steypuefni og fylliefni. Mikið af efni er eftir hér.

12: Hóll við kirkjuna á Stærri-Árskógi. Þetta er lítil náma sem efni er einstöku sinnum tekið úr.

### 2.3. ARNARNESHREPPUR (mynd B).

12: Spónsgerði. Þar hafa verktakar unnið steypuefni í hól við þjóðveginn. Efni fer þverrandi. Upphaflega var hér náma Vegagerðarinnar.

13: Við Dunhaga. Vegagerðin tekur byggingaefni vegna vegagerðar.

Ýmis svæði umhverfis Möðruvelli eru vænleg til efnistöku og þar voru eitt sinn námur. Því efnisnámi var hætt og námunum lokað vegna umhverfissjónarmiða.

### 2.4. GLÆSIBÆJARHREPPUR (mynd B).

14: Við Laugaland. Vegagerðin hefur tekið hér mikið efni og er lítið orðið eftir.

15: Grjótgarður. Vegagerðin tekur hér byggingaefni vegna vegagerðar, sem er nær lokið.

16: Djúpárbakki. Möl og sandur tekur hér steypu- og fylliefni.

17: Moldhaugaháls. Vegagerðin tók hér efni og hafði nýlega lokið frágangi. Síðastliðið haust opnuðu verktakar námuna aftur. Óvist er hvort efnisnám mun halda áfram hér og þá hvort og hvenær verður gengið frá því.

18: Skipalón. Möl og sandur hefur unnið steypuefni hér á síðustu árum. Endurskipulag efnisnáms er fyrirhugað vegna umhverfissjónarmiða.

19: Gásaeyri. Pússningasandur er unnin úr sjávarsandi við ósa Hörgár.

20: Gásar. Gömul náma við bæinn á Gásum. Hér er mikið af efni en óvist um framtíðar efnisnám.

21: Glæsibær. Möl og sandur hefur unnið hér mikið efni umhverfis Glæsibæ. Mikið efni er hér enn eftir.

22: Skjaldarvík. Möl og sandur hugðist vinna hér steypuefni, en efnið reyndist ekki hafa þá eiginleika. Akureyrarbær hefur eignarhald á landinu og mun vinna hér fylliefni í framtíðinni.

23: Pétursborg. Upphaflega efnisnám Vegagerðarinnar, seinna Möl og sandur. Mikið af efni eftir, en eiginleika þess þarf að kanna áður en efnisnámi er haldið áfram.

Efnisnámi mun verða haldið áfram í Glæsibæjarhreppi á næstu áratugum. Fljóttlega þarf að hefja kortlagningu og efniskannanir til að skipuleggja efnisnámið.

#### 2.5. AKUREYRI (mynd B).

24: Grjótnám við Krossanes. Upphaflega vegna hafnargerðar, hugsanlega má nota efni úr þessari námu sen slitlagsefni á götur Akureyrar.

25: Glerá, ofan við stíflu við Sólborg. Ofan við gömlu stífluna í Glerá er tekið efni úr farvegi Glerár. Framburður Glerár er það mikill að taka verður efni þarna a.m.k. einu sinni á ári. Efnið aðgreinist vegna breytilegs straumhraða árinnar.

26: Glerárdalur. Mikil efnisnám hefur farið fram í hjöllum í mynni Glerárdals bæði austan og vestan Glerár. Akureyrarbær hefur nýlega eignast allt landið og mun verða gengið frá hluta af nánum, annars staðar mun efnisnámi haldið áfram. Sorp frá Akureyri er urðað í fullnýttum nánum.

#### 2.6. HRAFNAGILSHREPPUR (mynd C).

27: Stokkahlaðir. Landeigandi selur efni til ýmissa aðila. Framtíð efnisnáms fer eftir magni og eftirspurn.

28: Finnastaðaá. Vegagerðin tók hér efni til vegagerðar. Framtíð námu er óviss.

29: Skjóldalsá. Vegagerðin tók hér efni til vegagerðar. Framtíð námu er óviss.

#### 2.7. SAURBÆJARHREPPUR (mynd C).

30: Melgerðismelar, farvegur Djúpadalsár. Nokkur gömul ófrágengin efnistökusvæði eru í Melgerðismelum. Reglulega þarf að hreinsa efni úr farvegi Djúpadalsár við Melgerðismela.

31: Saurbær. Vegagerðin hefur tekið nokkuð af efni úr hjöllum við Saurbæ. Efni hefur líka verið tekið úr farvegi Eyjafjarðarár á þessum slóðum.

32: Gilsá. Gamalt efnisnám, þar er einstöku sinnum tekið stórgryti til bakkavarna við Eyjafjarðará.

33. Torfufell. Vegagerðin tekur hér af og til efni til viðgerða og endurbóta á vegum.

34: Hólakot. Vegagerðin malaði hér bindiefni á malarvegi í Eyjafirði. Óvísst er um framtíð efnisnáms, því ekki er ljóst hvort efnið hentar nógu vel.

35: Sölvadalur. Vegagerðin heldur opnum nokkrum smánánum í dalnum til viðgerða og endurbóta á vegum.

36: Norðan við Guðrúnarstaði. Þar hefur verið unnið steypuefni. Óvísst er um framhald og frágang efnisnámsins.

#### 2.8. ÖNGULSTADAHREPPUR (myndir C og B).

37: Munkabveráreyrar (mynd C). Vegagerðin hefur hér nýlega hafið efnisnám á áreyrum. Mikið efni er hér sem verður eflaust mikið nýtt í framtíðinni.

38: Þveráreyrar (mynd B). Vegagerðin hóf hér mikið efnisnám fyrir mörgum árum og mjög mikið efni hefur verið tekið hér. Efnið endurnýjast vegna árframburðar. Landeigandi selur ýmsum aðilum efni frá Þveráreyrum.

39: Gröf og Skálpagerðismelar (mynd B). Gamlar ófrágengnar námur eru í Skálpagerðismelum. Þar er mikið efni eftir, en af ýmsum ástæðum er óvist um framtíð efnisnáms. Við Gröf er nýlegt efnisnám, en sennilega er lítið efnismagn eftir.

#### 2.9. SVALBARÐSHREPPUR, GRÝTUBAKKAHREPPUR OG GRENIVÍK (myndir B og A).

40: Víkurkarð í mynni Hrossadals (mynd B). Vegagerðin nýtti þessa námu upphaflega þegar vegur var lagður um Víkurkarð. Þá var gengið frá námunni. Svalbarðshreppur lét opna námunu aftur og tekur af og til fylliefni úr henni. Aðkoma að námunni er slæm og umhverfislýti af henni.

41: Víkurhólar (mynd B). Vegagerðin tekur þar bindiefni á malarvegi.

42: Fnjóskáreyrar (mynd A). Vegagerðin tekur af og til efni úr Fnjóskáreyrum, síðast við Laufás.

43: Lómatjörn (mynd A). Vegagerðin hefur tekið vegagerðarefni úr hjöllum við þjóðveginn.

44: Gljúfuráreyrar (mynd A). Vegagerðin hreinsar af og til efni úr farvegi Gljúfurár, og notar efnið til viðhalds og endurbóta á vegum.

45: Grenivík (mynd A). Efnistökusvæði sveitarfélagsins er í útjaðri Grenivíkur. Þar er m.a. unnið steypuefni.

## 2.10. ÞJÓÐVEGUR 1 UM ÖXNADAL (mynd D).

46: Staðartunga, hjallar við mynni Öxnadals og eyrar Bægisár og Hörgár. Vegagerðin og verktakar hafa þarna tekið mikið efnismagn til vegagerðar um Hörgárdal. Þetta efnisnám mun verða nýtt við vinarlagningu um Öxnadal. Hugsanlega mun einhver efnistaka verða þarna í framtíðinni.

47: Neðstaland. Vegagerðin hefur tekið efni til viðhalds vregar um Öxnadal.

48: Geirhildargarðar. Vegagerðin nýtir gróft efni úr aurkeilu, bæði til viðhalds og til að forða veginum frá skemmdum.

49: Fagranes. Vegagerðin hefur tekið efni til viðhalds vregar.

50: Gloppa. Vegagerðin nýtir gróft efni úr aurkeilu, bæði til viðhalds og til að forða veginum frá skemmdum.

51: Varmavatnshólar. Vegagerðin vinnur þar bindiefni á malarvegi.

52: Vaskáreyrar. Vegagerðin hefur tekið þar efni til vegagerðar.

Síðustu árin hefur verið unnið að endurbyggingu þjóðvegarins um Hörgárdal. Næstu ár mun verða unnið að endurbyggingu um Öxnadal og Öxnadalsheiði. Það fer eftir fjárveitingu stjórnvalda hve hratt það verk gengur. Ljóst er að mikil efnistaka mun fara fram í Öxnadal, bæði í gömlum og nýjum nánum. Sennilega verða allar þessar námur tímabundnar. Um þessar mundir vinnur Vegagerðin að ákvörðun um ný efnistökusvæði.


**MYNDIR**


## SKÝRINGAR


● Tímabundin efnistökusvæði.  
Nýtingartími nokkur ár.

● Föst efnistökusvæði.  
Nýtingartími áratugir.









## SKÝRSLUR NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUNAR NORÐURLANDS

1. Halldór G. Pétursson, 1987. Greinargerð til Almennu Verkfræðistofnunar vegna könnunar á byggingarefnum í nágrenni flugvallanna í Aðaldal, við Sauðárkrók og Blönduós.
2. Elín Gunnlaugsdóttir, 1988. Gróðurkönnun í lögsagnarumdæmi Akureyri. Fylgiskjal með drögum að gróðurkortum.
3. Halldór G. Pétursson, 1988. Könnun á jarðfalli við Haukamýri og setlögum í Húsavíkurbökkum.
4. Halldór G. Pétursson, 1989. Breytingar á farvegi Svarfaðardalsára.
5. Halldór G. Pétursson, 1990. Skriðuhætta við Draflastaði, Sölvadal í Eyjafjarðarsýslu.
6. Halldór G. Pétursson, 1990. Efnistökusvæði í Eyjafirði.